

Stekkjaskóli

Starfsáætlun 2024-2025



Skólaárið 2024-2025

Stekkjaskóli

| | |
|---|----|
| Formáli | 5 |
| Stekkjaskóli | 5 |
| Skólahúsnæði | 6 |
| Opnunartími | 6 |
| Forföll nemenda | 6 |
| Frístund..... | 7 |
| 1. Stjórnskipulag skólans..... | 7 |
| Skipurit Stekkjaskóla..... | 8 |
| Starfsfólk Stekkjaskóla..... | 9 |
| 2. Skóladagatal | 11 |
| 3. Tilhögun kennslu..... | 13 |
| Kennsluhættir | 13 |
| Skólanámskrá | 16 |
| Áformsbækur og heimalestur | 17 |
| Áformsbækur og lestrarkort | 17 |
| Heimalestur í Stekkjaskóla..... | 17 |
| Stuðningur við nemendur í skóla án aðgreiningar | 18 |
| 4. Starfsáætlun nemenda | 19 |
| Helstu viðburðir skólaársins..... | 19 |
| Nemendafélag Stekkjaskóla | 21 |
| Fulltrúar nemenda í skólaráði..... | 22 |
| 5. Smiðjur | 22 |
| Smiðjur á yngsta stigi og í 5. bekk | 23 |
| Valsmiðjur á miðstigi | 23 |
| 6. Skólabragur | 24 |
| Uppeldisstefnan Jákvæður agi..... | 24 |
| Skólasókn | 27 |
| 7. Skólaráð..... | 30 |
| Fulltrúar í skólaráði | 30 |
| 8. Foreldrasamstarf..... | 31 |
| Foreldrafélag Stekkjaskóla | 32 |
| Stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2024-2025 | 33 |
| 9. Innra mat | 33 |

| | |
|---|----|
| 10. Stoðþjónusta | 35 |
| Lausnateymi | 36 |
| Nemendaverndarráð | 37 |
| Skólaheilsugæsla | 37 |
| Sérfræðiþjónusta frá fjölskyldusviði Árborgar | 38 |
| Túlkþjónusta | 39 |
| 11. Símenntunaráætlun | 39 |
| 12. Öryggismál | 40 |
| Öryggisnefnd | 40 |
| Viðbrögð við vá..... | 41 |
| Óveður..... | 41 |
| Veikindafaraldur..... | 41 |
| Jarðskjálfti | 42 |
| Eldgos..... | 42 |
| 14. Skólamáltíðir og skólaakstur | 42 |
| Skólamáltíðir | 42 |
| Skólaakstur | 43 |
| Óskilamunir | 43 |
| 15. Samstarf við aðra skóla | 44 |
| Leikskólasamstarf..... | 44 |

© Stekkjaskóli-Starfsáætlun 2024-2025

Allar ljósmyndir (nema annað sé tekið fram):©Stekkjaskóli

Heimilisfang: Heiðarstekkur 10, 800 Selfoss

Aðalsímanúmer skólans: 480-1600

Netfang: stekkjaskoli@stekkjaskoli.is og stjornendur@stekkjaskoli.is

Heimasíða: www.stekkjaskoli.is

Afgreiðslutími skrifstofu: 7.30-14.30 alla virka daga.

Ritari Stekkjaskóli er Björk Þórisdóttir

Formáli

Samkvæmt 29 gr. grunnskólalaga ber grunnskólum að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs.

Í starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfsfólk skólans, stjórnkerfi, stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs. Starfsáætlun skal lögð fyrir skólaráð til staðfestingar.

Hér birtist starfsáætlun Stekkjaskóla fyrir skólaárið 2024-2025.



Stekkjaskóli

Stekkjaskóli er nýr grunnskóli í Sveitarfélaginu Árborg. Skólinn tók til starfa skólaárið 2021-2022 og er því á sínu fjórða starfsári. Frístundaheimilið Bjarkarból er tengd stofnun og rekið af fjölskyldusviði sveitarfélagsins. Við skólann vinna 66 starfsmenn í 57 stöðugildum og nemendur eru samtals 296, í 1. - 7. bekk.

Skólahúsnæði

Stekkjaskóli er við Heiðarstekk 10 á Selfossi. Kennsla nemenda fer fram í 1. áfanga í nýju og glæsilegu húsnæði skólans og í færanlegum kennslustofum. Um áramótin verður 2. áfangi skólans tilbúinn og þá fá allir árgangar sitt heimasvæði í nýbyggingu skólans.

Frístundaheimilið Bjarkarból mun síðan einnig flytja í nýbyggingu skólans með vorinu úr færanlegu kennslustofunum.

Nemendur í 1. og 2. bekk fá kennslu í íþróttum í fjölnotasal skólans og nærumhverfi (útinám). Nemendur í 3. - 7. bekk fá kennslu í íþróttum í íþróttahúsi Vallaskóla við Sólvelli 1x í viku ásamt því að nota fjölnotasal og nærumhverfi. Nemendur fara með rútu á milli starfsstöðva. Öll sundkennsla fer fram í Sundshöll Selfoss og fara nemendur með rútu á milli starfsstöðva.

Áður en starfsemi skólans flutti í sitt eigið húsnæði í lok mars 2023 hafði starfsemin farið fram í frístundaheimilinu Bifröst við Vallaskóla fyrstu 4 starfsmánuðina og síðan í færanlegum kennslustofum að Heiðarstekk 10.

Opnunartími

Skólinn opnar kl. 7:50 á morgnana. Nemendur geta farið inn á sitt heimasvæði, lesið, lært eða verið í rólegum leikjum þar til kennsla hefst.

Skrifstofa skólans opnar kl. 7:40 og er opin til kl. 14:30. Símanúmer skólans er 480-1600. Á heimasíðu skólans <https://stekkjaskoli.is/> eru allar helstu upplýsingar um skólann og skólastarfið.

Forföll nemenda

Tekið er við upplýsingum um veikindi og önnur forföll nemenda frá kl. 7:40 í síma 480-1600, dag hvern. Forráðamenn geta einnig tilkynnt veikindi í gegnum Mentor. Foreldrum/ forráðamönnum ber að láta vita af veikindum barna sinna á hverjum morgni.

Kennari/ritari getur gefið nemanda leyfi úr einstaka tímum og mest 2 daga. Ef um lengri tíma er að ræða þarf að sækja um það skriflega á [sérstöku eyðublaði](#) sem er að finna á heimasíðu skólans. Skólastjórnandi tekur ákvörðun um leyfisveitingu. Foreldrar eru minntir á að þeir bera ábyrgð á að nemendur vinni upp það sem þeir kunna að missa úr námi meðan á leyfi stendur. Stekkjaskóli leggur ríka áherslu á góða gæslu fyrir nemendur í frímínútum, auk þess sem útivistin er vettvangur fyrir nemendur til að njóta sín í frjálsum leik. Hins vegar getur það komið fyrir alla nemendur að heilsan leyfi ekki útiveru og styðjumst við þá við eftirfarandi vinnureglur:

Nemandi getur verið inni í frímínútum/útivist einn dag eftir löng veikindi. Skrifleg beiðni þarf að berast frá foreldrum og bíður nemandi inn á skrifstofu hjá ritara meðan á útivist stendur. Þar sem þessar undanþágur eru veittar vegna undangenginna veikinda er ekki leyfilegt að aðrir nemendur séu inni.

Frístund

Frístundaheimilið Bjarkarból er tengd stofnun við Stekkjaskóla og rekið af fjölskyldusviði sveitarfélagsins. Forstöðukona Bjarkarbóls er Elísabet Hlíðdal. Frístundin Bjarkarból er fyrir nemendur í 1. og 2. bekk en síðan rekur Sveitarfélagið safnfrístund, Eldheima, sem er fyrir börn í 3. og 4. bekk frá Vallaskóla, Sunnulækjarskóla og Stekkjaskóla. Forstöðukona þar er Eva Björk Ingadóttir. Opnunartími er frá 13:10 – 16:15 alla daga en þar að auki á starfsdögum, í jólafríum og páskafríum er hægt að skrá börnin í lengda viðveru.

Allar helstu upplýsingar um frístundaheimilið Bjarkarbók má finna [hér](#).

1. Stjórnskipulag skólans

Skólastjóri: Hilmar Björgvinsson


Aðstoðarskólastjóri: Ástrós Rún Sigurðardóttir

Deildarstjóri stoðþjónustu: Hildur Bjargmundsdóttir

Deildarstjóri yngra stigs: Álfheiður Tryggvadóttir

Skólastjóri er samkvæmt grunnskólalögum æðsti stjórnandi skólans og aðstoðarskólastjóri er staðgengill hans. Auk þeirra eru í stjórnendateymi skólans deildarstjóri stoðþjónustu og deildarstjóri yngra stigs. Stjórnendateymið leggur mikla áherslu á samvinnu og deilir verkefnum þvert á teymið. Í skólanum starfar einnig í hlutastarfi verkefnisstjóri UT og tekur hann virkan þátt í skólaþróun og styður við innleiðingu UT kennslu, s.s. í snillismiðjum á yngsta stigi og með upplýsingatækni og forritunarkennslu í valsmiðjum á miðstigi. Kennarar og starfsfólk skólans vinnur í teyllum og stjórnendateymið leggur áherslu á skólaþróun, þverfaglega samvinnu, samábyrgð, gleði, traust og virðingu allra.

Skipurit Stekkjaskóla



Starfsfólk Stekkjaskóla

| Starfsfólk Stekkjaskóla 2024-25 | |
|--|--|
| Alberto Heusdens | Stuðningsfulltrúi |
| Alda Kristinsdóttir | Íþróttakennari (í leyfi) |
| Anna Karen Hansdóttir | Stuðningsfulltrúi |
| Anna Margrét Ólafsdóttir | Umsjónarkennari í 2. bekk |
| Arna Guðmundsdóttir | Grunnskólakennari / forfallakennari |
| Auður María Óskarsdóttir | Íþróttakennari |
| Ágústa Baldursdóttir | Aðstoðarmatráður |
| Álfheiður Tryggvadóttir | Deildarstjóri yngra stigs |
| Ásdís Elva Jónsdóttir | Umsjónarkennari í 3. bekk |
| Ástrós Rún Sigurðardóttir | Aðstoðarskólastjóri |
| Birna Mjöll Guðlaugsdóttir | Stuðningsfulltrúi |
| Birta Mjöll Kristinsdóttir | Umsjónarkennari í 3. bekk |
| Björk Þórisdóttir | Skólaritari |
| Elín Anna Lárusdóttir | Umsjónarkennari í 5. bekk |
| Elín Ása Magnúsdóttir | Umsjónarkennari í 7. bekk |
| Elín Karol Ketel Guðmundsdóttir | Stuðningsfulltrúi |
| Elísabet K. Kristmundsdóttir | Umsjónarkennari í 4. bekk |
| Elvar Már Svansson | Grunnskólakennari |
| Eva María Pétursdóttir | Umsjónarkennari í 1. bekk |
| Eydís Harpa Bjarnadóttir | Sértækur stuðningur við ísat nem – uppeldisfr. |
| Eyrún Óskarsdóttir | Umsjónarkennari í 1. bekk |
| Gísli Rúnar Magnússon | Stuðningsfulltrúi |
| Guðbjörg Líf Óskarsdóttir | Matreiðslumaður - yfirmaður í eldhúsi |
| Guðný Lára Gunnarsdóttir | Tónmenntakennari |
| Halla Baldursdóttir | Stuðningsfulltrúi |
| Heiðrún Jóhanna Heiðarsdóttir | Umsjónarkennari í 3. bekk |
| Helga Þórey Rúnarsdóttir | Sérkennari |

Skólaárið 2024-2025

| | |
|---------------------------------|---|
| Hermína Íris Helgadóttir | Umsjónarkennari í 7. bekk |
| Hildur Bjargmundsdóttir | Deildarstjóri stoðþjónustu |
| Hildur Jakobsdóttir | Aðstoðarmatráður |
| Hildur Porkelsdóttir | Textílmenntakennari |
| Hilmar Björgvinsson | Skólastjóri |
| Hilmar Guðlaugsson | Forfallakennari / stundakennari |
| Hjaltey Sigurðardóttir | Umsjónarkennari í 6. bekk |
| Hulda Stefánsdóttir | Proskapjálfi |
| Indlaug Cassidy Vilmundardóttir | Sérkennari - íslenska sem annað tungumál (ísat) |
| Inga Dröfn Jónsdóttir | Proskapjálfi |
| Inga Lára Sveinsdóttir | Umsjónarkennari í 2. bekk |
| Inga Guðrún Eydísardóttir | Stuðningsfulltrúi |
| Íris Rut Jónsdóttir | Stuðningsfulltrúi |
| Jóhanna Ingadóttir | Umsjónarkennari í 1. bekk |
| Jón Karl Jónsson | Umsjónarmaður fasteigna |
| Jónína Ósk Lárusdóttir | Grunnskólakennari (í leyfi) |
| Karen Dögg Baldvinsdóttir | Atferlisþjálfari - sértækur stuðningur |
| Katrín Ósk Eyjólfsdóttir | Umsjónarkennari í 5. bekk |
| Klara Öfjörð Sigfúsdóttir | Náms- og starfsráðgjafi |
| Kolbrún Hauksdóttir | Umsjónarkennari í 2. bekk |
| Kolbrún Rögnvaldsdóttir | Aðstoðarmatráður |
| Kristín Ragna Bergmann | Sérkennari og hönnunar- og smíðakennari |
| Kristín Sveinsdóttir | Stuðningsfulltrúi |
| Leifur Viðarsson | Verkefnastjóri upplýsingatækni og UT kennari |
| Lilja Heiðbjört Valdimarsdóttir | Stuðningsfulltrúi |
| Lilja Írena H. Guðnadóttir | Bókasafnskennari |
| Lilja Ósk Kristbjarnardóttir | Heimilisfræðikennari |
| Linda Ósk Þorvaldsdóttir | Iðjuþjálfari |
| Magnús Hilmar Viktorsson | Íþróttakennari |

| | |
|------------------------------|---|
| María Ósk Ólafsdóttir | Sérkennari |
| Málfríður Erna Samúelsdóttir | Uppeldisfræðingur - Sértekur stuðningur |
| Sigrún Magnúsdóttir | Stuðningsfulltrúi |
| Soffía Magnúsdóttir | Stuðningsfulltrúi (í leyfi) |
| Sóley Dögg Gunnlaugsdóttir | Stuðningsfulltrúi |
| Steinunn Elsa Bjarnadóttir | Stuðningsfulltrúi (í leyfi) |
| Sölvi Björn Hilmarsson | Matreiðslumaður, staðgengill yfirm. |
| Viktorija Riskute | Íþróttakennari |
| Þóra Björg Berndsen Sævarsd. | Stuðningsfulltrúi |
| Þórhildur Daðadóttir | Umsjónarkennari í 4. bekk |
| Þuríður Ingvarsdóttir | Hönnunar- og smíðakennari |

2. Skóladagatal

Lögbundið skólaár í grunnskóla telst vera 180 nemendadagar. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm en starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru átta. Haust- og vetrarfrí eru samtals fjórir dagar og uppbrotsdagar eru samtals 10. Að auki hefur skólastjóri heimild til að skerða viðveru nemenda í allt að 10 daga á skólaárinu sem eru dagar eins og skólasetning, skólaslit, foreldradagar, haustþing kennara, síðasti dagurinn fyrir jól þegar jólaböllin eru og samstarfsfundir kennara. Allir þessir dagar eru útskýrðir með sérstökum litum á skóladagatalinu.

Sjá skóladagatalið á heimasíðu skólans og [hér](#).

Skóladagatal 2024 - 2025

| ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NÓVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MAR | APRIL | MAÍ | JÚNÍ |
|-------|-----------|---------|----------|----------|--------|---------|------|-------|------|------|
| 1 F | 1 S | 1 D | 1 F | 1 S | 1 M | 1 L | 1 L | 1 D | 1 F | 1 S |
| 2 F | 2 M | 2 M | 2 L | 2 M | 2 F | 2 S | 2 S | 2 M | 2 F | 2 M |
| 3 L | 3 D | 3 F | 3 S | 3 D | 3 F | 3 M | 3 M | 3 F | 3 L | 3 D |
| 4 S | 4 M | 4 F | 4 M | 4 M | 4 L | 4 D | 4 D | 4 S | 4 M | 4 M |
| 5 M | 5 F | 5 L | 5 D | 5 F | 5 S | 5 M | 5 M | 5 L | 5 M | 5 F |
| 6 D | 6 F | 6 S | 6 M | 6 F | 6 M | 6 F | 6 F | 6 D | 6 D | 6 F |
| 7 M | 7 L | 7 M | 7 F | 7 L | 7 D | 7 F | 7 F | 7 M | 7 M | 7 L |
| 8 F | 8 S | 8 D | 8 F | 8 S | 8 M | 8 L | 8 L | 8 D | 8 F | 8 S |
| 9 F | 9 M | 9 M | 9 L | 9 M | 9 F | 9 S | 9 S | 9 M | 9 F | 9 M |
| 10 L | 10 D | 10 F | 10 S | 10 D | 10 F | 10 M | 10 M | 10 F | 10 D | 10 D |
| 11 S | 11 M | 11 F | 11 M | 11 M | 11 L | 11 D | 11 D | 11 F | 11 S | 11 M |
| 12 M | 12 F | 12 L | 12 D | 12 F | 12 S | 12 M | 12 M | 12 L | 12 M | 12 F |
| 13 D | 13 F | 13 S | 13 M | 13 F | 13 M | 13 F | 13 F | 13 S | 13 D | 13 F |
| 14 M | 14 L | 14 M | 14 F | 14 L | 14 D | 14 F | 14 F | 14 M | 14 M | 14 L |
| 15 F | 15 S | 15 D | 15 F | 15 S | 15 M | 15 L | 15 L | 15 D | 15 F | 15 S |
| 16 F | 16 M | 16 M | 16 L | 16 M | 16 F | 16 S | 16 S | 16 M | 16 F | 16 M |
| 17 L | 17 D | 17 F | 17 S | 17 D | 17 F | 17 M | 17 M | 17 F | 17 L | 17 D |
| 18 S | 18 M | 18 L | 18 M | 18 M | 18 L | 18 D | 18 D | 18 F | 18 S | 18 M |
| 19 M | 19 F | 19 L | 19 D | 19 F | 19 S | 19 M | 19 M | 19 L | 19 M | 19 F |
| 20 D | 20 F | 20 S | 20 M | 20 F | 20 M | 20 F | 20 F | 20 S | 20 D | 20 F |
| 21 M | 21 L | 21 M | 21 F | 21 L | 21 D | 21 F | 21 F | 21 M | 21 M | 21 L |
| 22 F | 22 S | 22 D | 22 F | 22 S | 22 M | 22 L | 22 L | 22 D | 22 F | 22 S |
| 23 F | 23 M | 23 M | 23 L | 23 M | 23 F | 23 S | 23 S | 23 M | 23 F | 23 M |
| 24 L | 24 D | 24 F | 24 S | 24 D | 24 F | 24 M | 24 M | 24 F | 24 L | 24 D |
| 25 S | 25 M | 25 F | 25 M | 25 M | 25 L | 25 D | 25 D | 25 F | 25 S | 25 M |
| 26 M | 26 F | 26 L | 26 D | 26 F | 26 S | 26 M | 26 M | 26 L | 26 M | 26 F |
| 27 D | 27 F | 27 S | 27 M | 27 F | 27 M | 27 F | 27 F | 27 D | 27 D | 27 F |
| 28 M | 28 L | 28 M | 28 F | 28 L | 28 D | 28 F | 28 F | 28 M | 28 M | 28 L |
| 29 F | 29 S | 29 D | 29 F | 29 S | 29 M | 29 L | 29 L | 29 D | 29 F | 29 S |
| 30 F | 30 M | 30 M | 30 L | 30 M | 30 F | 30 S | 30 S | 30 M | 30 F | 30 M |
| 31 L | 31 F | 31 F | 31 D | 31 M | 31 F | 31 M | 31 M | 31 L | 31 L | 31 S |

- Boppsdagur 13
- Starfsdagur 10
- Skóladagur
- Uppbrotadagur 10
- Skóladagur eða 100

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlöðsón af kjarasamningum.
Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

3. Tilhögun kennslu

Kennsluhættir

Allt frá því að Stekkjaskóli var stofnaður var ákveðið að skólinn skyldi leggja teymiskennslu til grundvallar í starfi skólans. Þrátt fyrir margvíslegar hindranir á fyrstu tveimur starfsárum skólans var unnið ötult þróunarstarf og enn eru skólinn og kennsluhættir í mótun.

Teymiskennsla hefur verið innleidd og fjölmargar kennsluaðferðir prófaðar. Með verkefninu *Stekkur til framtíðar - Að byggja upp lærdómssamfélag í nýjum grunnskóla* var lagður ákveðinn grunnur að framtíðar starfsháttum skólans. Sjá lokaskýrslu um þróunarverkefnið [hér](#). Auk teymiskennslu má nefna innleiðingu *Jákvæðs aga*, nýtingu upplýsingatækni, nýsköpun, skapandi starf og útinám. Kennarateymin á yngsta stigi nota mikið hringekjuvinnu en ýmis konar hópastarf og þemavinna einkennir starfshætti skólans, bæði á yngsta- og miðstigi. Verkefnisstjóri UT hefur stutt við notkun fartölva í námi nemenda á miðstigi, sem hefur eflt sjálfstæði nemenda, tækifæri þeirra til lausnaleitar og skapandi skila í verkefnavinnu.


Stekkjaskóli er hannaður utan um teymiskennslu og sveigjanlegt starf og því eru góðar forsendur til að þróa þessa starfshætti áfram. Við teljum einnig að starfshættir skólans beri mörg megin einkenni skóla sem lifandi lærdómssamfélags. Teymiskennsla byggist á stöðugri umræðu og sameiginlegri ígrundun.

Kennsla fer fram samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá Stekkjaskóla. Í 1. - 7. bekk er teymiskennsla þar sem allur árgangurinn er í sama námshóp/árgangi með tvo til þrjá umsjónarkennara. Þeir bera sameiginlega ábyrgð á námi nemenda sinna, kennslu, undirbúningi og daglegum samskiptum. Sérkennarar og aðrir sérfræðingar innan stoðþjónustunnar vinna náið með umsjónarkennurum og fer stoðþjónustan að mestu fram á heimasvæðum nemenda. Slíkir kennsluhættir hafa gefist mjög vel og hafa marga kosti bæði fyrir nemendur og samstarf kennara. Kennarar leitast við að skapa nemendum sínum námsumhverfi þar sem hlúð er að hverjum einstaklingi og mismunandi þörfum nemenda mætt. List- og verkgreinakennarar starfa einnig í teymi og það á líka við um íþróttakennara. Helstu kostir teymiskennslunnar eru eftirfarandi.

- Fjölbreyttari félagahópur sem getur leitt til meiri samheldni innan nemendahóps.
- Hægt að skipta nemendum upp í smærri hópa til að mæta ólíkum þörfum þeirra.
- Fleiri kennarar og stuðningsfulltrúar á svæðinu til að aðstoða nemendur.
- Meira samstarf kennara, minni einangrun.
- Vinnuhagræðing og meiri vinnugleði hjá kennurum.



Í skólanum er rík áhersla lögð á fjölbreytta kennsluhætti og fjölbreytt námsumhverfi nemenda. Kennarar leggja rækt við sveigjanlega kennsluhætti, sjálfstæð vinnubrögð, skapandi starf og samvinnu nemenda og starfsfólks. Heimasvæði nemenda gefa kost á að skipta nemendum á mismunandi svæði eftir því sem hentar hverju sinni. Hér er dæmi um heimasvæði:



Lögð er rík áhersla á jákvæð samskipti allra, bæði nemenda og starfsfólks. Í Stekkjaskóla er markmiðið að þróa öflugt lærdómssamfélag starfsfólks sem byggir á þverfaglegu samstarfi allra. Allir starfsmenn hafa sitt hlutverk.



Stekkjaskóli



Skólanámskrá

Skólanámskrá Stekkjaskóla má sjá í Mentor og unnið er að birtingu hennar á heimasíðu skólans.

Áformsbækur og heimalestur

Áformsbækur og lestrarkort

Í Stekkjaskóla er leitast við að stuðla að einstaklingsmiðuðu námi og kenna nemendum að setja sér námsmarkmið út frá hæfniviðmiðum sem er unnið með hverju sinni.

Með áformsbókinni á yngsta stigi er stuðlað að því að nemendur setji sér markmið í samráði við kennara og læri að vinna með hæfniviðmiðin og að hverju þau stefna. Nemendur og foreldrar sjá í bókinni þau hæfniviðmið í íslensku og stærðfræði sem unnið er með í hverjum árgangi í 1. - 4. bekk og þannig geta foreldrar stutt við nám barna sinna. Í Áformsbókinni er líka lestrarkvittanahefti og orðakistur. Byrjað er rólega með yngstu nemendurna og þau þjálfuð í því að setja sér áform/markmið. Áformsbókin fer heim daglega, í plastvasa, og því geta foreldrar fylgst vel með og aðstoðað barnið sitt eftir þörfum og verið meðvitaðir um þau hæfnimarkmið sem lögð eru til grundvallar í íslensku og stærðfræði.

Á miðstigi, í 5. - 7. bekk er unnið með lestrarkort. Lestrarbókin fer heim daglega en nemendur lesa í yndislestri í skólanum og jafnframt fyrir kennara og/eða stuðningsfulltrúa þegar þess er kostur. Mikil áhersla er á að nemendur á miðstigi sinni heimalestri og að foreldrar styðji við hann.

Heimalestur í Stekkjaskóla

Í Stekkjaskóla er lögð áhersla á að heimanám sé lítið, aðeins heimalestur, nemendur vinna að sínum áformum/markmiðum í skólanum. Hins vegar er mikil áhersla lögð á heimalestur, 5 - 7 sinnum í viku og nemendur í 1. - 4. bekk skrifa orð í orðakistur og nemendur í 5. - 7. bekk vinna lítil og fjölbreytt aukaverkefni í kvittanahefti miðstigs. Að vinna samhliða með lestur og ritun styrkir nemendur okkar í lestrarnáminu, eflir sjónrænan orðaforða, lesskilning og stafsetningu.

Samvinna heimilis og skóla er mjög mikilvæg fyrir farsæld nemenda. Í Áformsbókinni eru góðar leiðbeiningar fyrir foreldra. Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að hafa samband við umsjónarkennara eða stjórnendur ef einhverjar spurningar vakna. Áformsbókin er unnin að fyrirmynd Áformsbóka í Norðlingaskóla, en þar er komin mikil og góð reynsla með slíkar bækur. Áformsbókin okkar hefur tekið töluverðum breytingum og er þróuð á hverju ári og miðuð að aldri nemenda.

Bókin er prentuð í einu eintaki fyrir hvern nemenda, því er mikilvægt að bókin sé alltaf í plastvasanum sínum og rati svo í töskuna að heimalestri loknum. Bókin er notuð allt skólaárið.

Heimalestur er metinn eftir hæfnitáknunum fimm og verður miðað við að lesið sé heima 10 sinnum yfir tveggja vikna tímabil. Nemendur eru hvattir til að gera sitt besta og reyna við markmiðin sín. *Æfingin skapar meistarann.*

Matskvarði fyrir heimalestur:

Framúrskarandi: lesið 11 sinnum eða oftar

Hæfni náð: lesið 9 - 10 sinnum

Á góðri leið: lesið 6 - 8 sinnum

Þarfnast þjálfunar: lesið 3 - 5 sinnum

Hæfni ekki náð: lesið 0 - 2 sinnum

Stuðningur við nemendur í skóla án aðgreiningar

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga öll börn rétt á kennslu við hæfi í sínum heimaskóla. Í skólastarfinu er lögð áhersla á að allir nemendur fái nám við sitt hæfi. Meginmarkmið með kennslu er að stuðla að alhliða þroska nemenda, bæði andlegum og líkamlegum. Leitast er við að ná þessu markmiði með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum um leið og lögð eru fyrir verkefni við hæfi. Sérkennsla felur í sér breytingar eða aðlögun á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum eða kennsluaðferðum. Hún er skipulögð til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans. Umsjónarkennarar í samvinnu við sérkennara meta sérkennsluþörf nemenda. Einnig er horft til greininga frá öðrum sérfræðingum sem segja til um þörfina fyrir aukna aðstoð. Öflugt teymi sérfræðinga í stoðþjónustu styðja nemendur í námi og þroskatengdum þáttum. Í teyminu starfa sérkennarar, þroskaþjálfar, iðjuþjálfar, atferliþjálfar og uppeldisfræðingar. Þegar upp koma vandamál í námi og/eða ef nemandi á við annars konar erfiðleika að stríða, geta foreldrar og/eða umsjónarkennarar óskað eftir að lausnateymi skólans taki málið til umfjöllunar.

4. Starfsáætlun nemenda

Í Stekkjaskóla er kennt samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Heildartími í 1. - 4. bekk eru 30 kennslustundir á viku, í 5.-7. bekk eru 35 kennslustundir á viku. Hver kennslustund er 40 mínútur.

Helstu viðburðir skólaársins

Á hverju skólaári eru ýmsir fastir viðburðir og aðrir dagar til að brjóta upp hefðbundið skólastarf.

Ólympíuhlaupið er fastur liður á hverju hausti þar sem allir nemendur skólans taka þátt. Hlaupið fer fram í skólahverfinu. Tveir skemmtilegir búningadagar eru á skólaárinu, hrekkjavakan og öskudagurinn, þá koma nemendur og starfsmenn í ýmsum furðufatnaði. Endurskinsvika var haldin í fyrsta skipti í desember 2023 en það voru fulltrúar nemenda í skólaráði sem komu fram með þessa góðu hugmynd. Endurskinsvikan er átak í því að vera vel upplýstur í skammdeginu til að forðast slys. Bókamessan á degi íslenskrar tungu hefur heldur betur slegið í gegn en þá koma nemendur með bækur í skólann og fá allir nemendur að velja sér eina bók til eignar til að taka með sér heim.



Einn af stóru viðburðum hvers árs eru árshátíðirnar. Nemendur hafa sett upp leikrit, söngleiki og sýnt stuttmyndir sem þeir hafa gert. Það tengist markmiðum skólans um að skapandi skólastarf sé ein af meginstoðum skólans. Mikil áhersla hefur verið lögð á fjölbreytni og að nemendalýðræði tengist þessari vinnu. Nemendur hafa tekið þátt í leikmynda- og textagerð og eins hafa nokkrir nemendur komið fram og sungið og spilað á

hljóðfæri. Lagt hefur verið upp úr þátttöku allra, hvort sem nemandi er í ákveðnu hlutverki, sviðsmaður eða í ákveðnum undirbúningi svo dæmi séu tekin.

Unnið er með vinatengsl þvert á árganga og munu nemendur hittast t.d. á degi gegn einelti, á litlu jólonum og við önnur tilefni sem henta. Mun þetta verkefni vaxa með stækkandi skóla.



Hér má sjá helstu daga skólaársins talda upp eftir mánuðum:

Ágúst - Skólasetning.

September - Ólympíuhlaupið, dagur íslenskrar náttúru (gróðursetning).

Október - Hrekkjavökudagur (búningar og ball), haustfrí, nemenda- og foreldrasamtöl.

Nóvember - Baráttudagur gegn einelti (unnin vinatengd verkefni), dagur íslenskrar tungu, bókamessa (skiptibókamarkaður fyrir nemendur), dagur tónlistarinnar (samsöngur)

Desember – Skreytingadagur (stjórnendur færa nemendum og starfsfólki kakó og smákökur), endurskinsvika, jólasöngstund, litlu jólin og jólaball.

Janúar- Bóndadagur (lopapeysudagur).

Febrúar - Nemenda- og foreldrasamtöl, öskudagur, vetrarfrí.

Mars - Árshátíðir nemenda.

Apríl - Þemadagar.

Maí – Stytttri vettvangsferðir.

Júní - Vordagar og skólaslit.

Nemendafélag Stekkjaskóla

Í nemendafélagi Stekkjaskóla eru allir nemendur Stekkjaskóla. Markmið nemendafélags er að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Stjórn nemendafélagsins kallast nemendaráð. Fyrsta stjórn nemendafélagsins var kosin 8. nóvember 2024. Hana skipa eftirfarandi nemendur eftir árgöngum:

5. bekkur

Friðrika Sif Sigurjónsdóttir

Vilhjálmur Freyr Hlynsson

6. bekkur

Aðalsteinn Pétursson

Andrea Lilja Sævarsdóttir

Rúrik Kristbjörn Karlsson

7. bekkur

Anna Raket Steinarsdóttir

Draupnir Már Eiríksson

Ragna Fanney Róbertsdóttir

Ragnhildur Klara Jónsdóttir

Stefán Darri Jóhannsson

Vésteinn Viðarsson

Tilgangur nemendaráðs er að skipuleggja félagsstarf í skólanum, efla félagslegan áhuga nemenda og standa vörð um hagsmuni og velferð allra nemenda skólans. Nemendaráð fjallar um efni sem tengjast félagsstarfi nemenda, ráðið hefur umsjón með ákveðnum hefðum í skólastarfi og leitar leiða til þess að styðja við jákvæðan skólabrag og virkja aðra nemendur. Nemendaráð fundar reglulega. Allir meðlimir nemendaráðs hafa ákveðnum hlutverkum að gegna og þau helstu eru:

- Fulltrúar nemendaráðs skulu vinna að hagsmuna- og velferðarmálum allra nemenda.
- Eru fyrirmynd í orði og gjörðum innan skólans sem utan.
- Eru talsmenn nemenda og koma hugmyndum og ábendingum þeirra inn á borð nemendaráðs.
- Eru fulltrúar nemenda gagnvart stjórn skólans og skólayfirvöldum.
- Nemendaráðsfulltrúar beri upp erindi til umfjöllunar á fundum ráðsins.
- Hvetja aðra nemendur til þátttöku í starfi skólans og félagsstarfi með jákvæðu umtali.
- Hlusta á hugmyndir frá öðrum nemendum, vera skapandi og stuðla þannig að því að allir nemendur upplifi sig sem hluta af heildinni.
- Skipuleggja og mæta á nemendaráðsfundi og taka virkan þátt í umræðum og verkefnum á hverjum fundi.
- Koma að undirbúningi og útfærslu viðburða og hjálpa starfsfólki við frágang að viðburðum loknum

Ýmis konar viðburðir sem tengjast félagslífi skólans eru á ábyrgð nemendaráðs.

Umsjón með nemendaráði Stekkjaskóla eru Hermina Íris Helgadóttir umsjónarkennari í 7. bekk og Klara Öfjörð Sigfúsdóttir náms- og starfsráðgjafi.

Fulltrúar nemenda í skólaráði

Tveir fulltrúar nemenda sitja í skólaráði Stekkjaskóla. Þeir eru:

Varamenn:

Elín Aðalheiður Snorradóttir, 7. EH

Halldóra Karítas Ármannsdóttir

Patrekur Brimar Jóhannsson, 7. EH

Ólafur Geir Hlynsson

5. Smiðjur

Í Stekkjaskóla er lögð áhersla á list- og verkgreinar sem kenndar eru í smiðjum. Á yngsta stigi eru þær nokkuð hefðbundnar en á miðstigi er boðið upp á val.

Smiðjur á yngsta stigi og í 5. bekk

Í 1.- 5. bekk er boðið upp á list- og verkgreinakennslu í smiðjuformi. Nemendur fara í textílmennt, smíði, heimilisfræði og tónmennt tvisvar sinnum í viku í 80 mín í senn í 6 vikur. Nemendur ná því að fara tvisvar sinnum í hverja grein yfir skólaárið



Valsmiðjur á miðstigi

Stekkjaskóli býður upp á valgreinar á miðstigi. Þar er nemendum í 6. og 7. árgangi kennt saman í Valsmiðjum A og nemendum í 5. - 7. árgangi í Valsmiðjum B. Í boði eru fjölbreyttar list- og verkgreinasmiðjur ásamt íþróttavali, UT kennslu o.fl. Áhersla er á að hafa smiðjurnar fjölbreyttar þannig að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

Foreldrar fara yfir framboðið með sínum börnum heima, hjálpa þeim að velja og kvitta undir áður en nemendur skila inn til umsjónarkennara.



Hérna er hægt að lesa nánar um valgreinar á miðstigi og sjá hvað hefur verið í boði fram að þessu.

6. Skólabragur

Uppeldisstefnan Jákvæður agi

Á fyrsta starfsári Stekkjaskóla var leitast við að samræma vinnulag starfsmanna er sneri að skólabrag, viðbrögðum við agabrotum og vinnuaðferðum svo að sýn og gildi skólans um að öllum geti liðið hér vel verði að veruleika. Markmiðið okkar er að nemendur vaxi og dafni í skólasamfélagi sem þeim líður vel í.

Eftir samvinnu starfsfólks og þátttöku í þróunarverkefni skólans á fyrsta starfsári hans, var valin stefna sem samræmist gildum og hugmyndafræði skólans að uppbyggingu að velferðarkennslu í Stekkjaskóla. Aðferðin nefnist Jákvæður agi.

Við upphaf annars starfsárs skólans, var ákveðið að taka upp og innleiða Jákvæðan aga í Stekkjaskóla, en það er uppeldis- og samskiptaaðferð sem byggir á gagnkvæmri virðingu og samstarfi. Uppeldisstefnan Jákvæður agi byggir á sjálfstjórnarkenningum en ekki ytri

styrkinga líkt og umbun og refsingu, þannig er horft á orsakir hegðunar fremur en t.d. að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast. Jákvæður agi gengur út á að móta umhverfi í skólum, heimilum og vinnustöðum sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu.

Jákvæður agi kennir félagsfærni og lífsleikni

- Meginreglur Jákvæðs aga hjálpa til við að byggja samband væntumþykju og virðingar og þær auðvelda að finna lausnir til frambúðar.
- Jákvæður agi byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum.

Nemendur verða ábyrgðarfullir ef þeir fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu. Jákvæður agi byggir á því að börn þroski og efli með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna.

Bekkjarsáttmáli

Hver árgangur vinnur bekkjarsáttmála og eiga þeir að vera tilbúnir fyrir 8. nóvember sem er baráttudagur gegn einelti. Markmið bekkjarsáttmála er að tryggja að öllum líði vel í skólanum við leik og störf og á sáttmálinn að vera virkur samningur sem allir hjálpast að við að halda. Sáttmálinn er unnin í samvinnu nemenda og kennara og byggir á þeim lífsgildum sem allir eru sammála um að séu mikilvægust fyrir farsælt samstarf og vellíðan allra. Hver árgangur útfærir eigin sáttmálann á sinn hátt og eru hvattir til að vera skapandi í framsetningu.

Grunnhugtök í Jákvæðum aga

Virðing endurspeglast í þeirri kurteisi sem fólk sýnir hvert öðru, hvernig það talar við aðra og um það og hvernig það fer með eigin annarra. Tal og framkoma sem einkennist af virðingu veitir fólki þá reisu sem því ber.

Góðvild er að sýna væntumþykju og hlýju í verki en ekki að skamma, niðurlægja eða lesa yfir öðrum.

Festa felst í því að standa við það sem sagt er og sjá til þess að fyrirfram ákveðnum verkefnum verði lokið.

SKÓLASÓKNARKERFI Í GRUNNSKÓLUM ÁRBORGAR

VERKFERILL VEGNA FJARVISTA

1

5 FJARVISTARSTIG

- Umsjónarkennari sendir forsjáraðilum póst um ástundun.
- Vísað í kynningarefni á heimasíðu skólans um farsæld barna og hlutverk tengiliða.

2

10 FJARVISTARSTIG

- Umsjónarkennari sendir forsjáraðilum póst um ástundun og upplýsir skólastjórnanda.
- Forsjáraðilar boðaðir á fund þar sem leitað er skýringa á fjarvistum og metin þörf fyrir aðkomu tengiliðar til að styðja við farsæld barns og fjölskyldu.
- Máli vísað til lausnateymis með upplýstu samþykki forsjáraðila.

3

20 FJARVISTARSTIG

- Umsjónarkennari sendir forsjáraðilum póst um ástundun og upplýsir skólastjórnanda.
- Forsjáraðilar boðaðir á fund þar sem leitað er skýringa á fjarvistum og metin þörf fyrir aðkomu tengiliðar til að styðja við farsæld barns og fjölskyldu.
- Máli vísað til lausnateymis með upplýstu samþykki forsjáraðila.

4

30 FJARVISTARSTIG

- Skólastjórnandi boðar til fundar með forsjáraðilum og tengilið skólans þar sem veitt er leiðsögn við að óska eftir samþættingu þjónustu.
- Skólastjórnandi upplýsir forsjáraðila að málið verði tekið fyrir á nemendaverndarráðsfundi.

5

50 FJARVISTARSTIG

- Skólastjórnandi sendir tilkynningu til barnaverndar að forsjáraðilum upplýstum

SUNDURLIÐUN Á ÞVÍ SEM LIGGUR AÐ BAKI FJARVISTARSTIGUM

1 stig. - seint, ef nemandi mætir 5 mínútum eftir að tími hefst.

2 stig.- fjarvist, ef nemandi mætir ekki eða 15 mínútum eftir að tími hefst.

SKÓLASÓKNARKERFI Í GRUNNSKÓLUM ÁRBORGAR

VERKFERILL VEGNA VEIKINDA OG LEYFA

5 FORFALLADAGAR

1

- Umsjónarkennari sendir forsjáraðilum póst um ástundun.
- Vísað í kynningarefni á heimasíðu skólans um farsæld barna og hlutverk tengiliða.

10 FORFALLADAGAR

2

- Umsjónarkennari sendir forsjáraðilum póst um ástundun og upplýsir skólastjórnanda.
- Forsjáraðilar boðaðir á fund þar sem leitað er skýringa á fjarvistum og metin þörf fyrir aðkomu tengiliðar til að styðja við farsæld barns og fjölskyldu.
- Máli vísað til lausnateymis með upplýstu samþykki forsjáraðila.

15 FORFALLADAGAR

3

- Umsjónarkennari boðar til fundar með forsjáraðilum, skólastjórnendum og/eða tengilið.
- Forsjáraðilar hvattir til að óska eftir samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns til að tryggja aðgengi að viðeigandi ráðgjöf og stuðningsúrræðum frá fjölskyldusviði.

20 FORFALLADAGAR

4

- Skólastjórnandi boðar til fundar með forsjáraðilum og tengilið skólans þar sem veitt er leiðsögn við að óska eftir samþættingu þjónustu.
- Skólastjórnandi upplýsir forsjáraðila að málið verði tekið fyrir á nemendaverndarráðsfundi.

30 FORFALLADAGAR

5

- Skólastjórnandi sendir tilkynningu til barnaverndar að forsjáraðilum upplýstum.

7. Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar m.a. um starfsáætlun skólans, skólanámskrá, áætlanir um skólastarfið og annað faglegt starf. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær eru teknar. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almenntri velferð nemenda.

Fulltrúar í skólaráði

Í skólaráði sitja níu einstaklingar tvö ár í senn, skólastjóri, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annarra starfsmanna, tveir fulltrúar foreldra og tveir fulltrúar nemenda. Auk þess velur skólaráð einn fulltrúa úr grenndarsamfélaginu. Fundað er 3-5 sinnum á skólaárinu. Einu sinni yfir skólaárið er opinn fundur í skólaráði.

Skólaráð skólaárið 2024-2025:

Hilmar Björgvinsson skólastjóri

Kristín Ragna Bergmann, fulltrúi kennara

María Ósk Ólafsdóttir, fulltrúi kennara

Arnar Páll Gíslason, fulltrúi foreldra

Smári Hallgrímsson, fulltrúi foreldra

Katrín Þ. Andrésdóttir fulltrúi grenndarsamfélags

Elín Aðalheiður Snorradóttir, fulltrúi nemenda

Brimar Jóhannsson, fulltrúi nemenda

Varamenn:

Ástrós Rún Sigurðardóttir aðst. skólastj.

Helga Þórey Rúnarsdóttir

Hermína Íris Helgadóttir

Elva Dögg Valsdóttir

Eva María Pétursdóttir

Halldóra Karítas Ármannsdóttir Patrekur

Ólafur Geir Hlynsson

8. Foreldrasamstarf

Lögð er mikil áhersla á gott samstarf við foreldra/forráðamenn. Með góðu samstarfi tryggjum við gagnkvæmt traust á milli foreldra og kennara þar sem hagsmunir nemandans eru í fyrirrúmi. Að baki Stekkjaskóla stendur kraftmikill og áhugasamur foreldrahópur sem er mikill stuðningur fyrir skólastarfið. Upplýsingagjöf til heimilanna fer að miklu leyti fram í gegnum rafrænt vikubrэф umsjónarkennara og heimasíðu skólans en jafnframt er gefið ú rafrænt fréttabréf skólans sem kemur út nokkrum sinnum á ári. Einnig er Mentor talsvert notaður. Upplýsingar um ástundun nemenda eru sendar til foreldra hálfsmánaðarlega.

Foreldra- og nemendaviðtöl eru tvisvar yfir veturinn, í október og í febrúar. Þar gefst tækifæri á að fara yfir stöðu nemenda í námi og líðan þeirra.



Í skólabyrjun eru haldnir haustfundir fyrir forráðamenn. Þetta eru fræðslu- og kynningarfundir fyrir forráðamenn nemenda í 1. og 5. bekk í samstarfi við Skólalþjónustu Árborgar. Dagskráin í 1. bekk hefur yfirheitið *Að hefja nám í grunnskóla* og í 5. bekk heitir hún *Barnið mitt, sjálfsmynd og áskoranir nútímans*. Þessir fræðslu- og kynningarfundir eru samræmdir á milli allra grunnskóla sveitarfélagsins.

Í öðrum árgöngum eru námsefniskynningar í umsjón umsjónarkennara og nemenda.

Foreldrafélag Stekkjaskóla

Foreldrafélag Stekkjaskóla var stofnað 16. desember 2021. Það voru öflugir fulltrúar foreldra sem stóðu að undirbúningi fundarins.

Á fundinum voru lög foreldrafélagsins samþykkt. Markmið félagsins eru skv. lögnum eftirfarandi:

- Að vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- Að efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
- Að styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- Að koma sjónarmiðum foreldra á framfæri varðandi starfsemi skólans, menntunar- og uppeldismál.
- Að búa til skemmtilegt skólasamfélag og styðja sérstaklega við framþróun í tæknilegum og nútímalegum kennsluháttum.

Markmiðum sínum hyggst félagið ná m.a. með því:

- Að skipuleggja og halda utan um starf bekkjarfulltrúa.
- Að koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál.
- Að kjósa fulltrúa í skólaráð í samræmi við 9. gr. laga nr. 91/2008. A.m.k. annar þeirra skal vera úr hópi stjórnarmanna.
- Að standa að upplýsingamiðlun til foreldra.
- Að leggja skólayfirvöldum lið svo að aðstæður til náms og félagslegra starfa verði sem bestar.
- Að stuðla að öflugu forvarnarstarfi og styðja og efla heilbrigða skólamenningu.
- Að taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og samtök foreldra.



Bekkjjarfulltrúar starfa á vegum foreldrafélagsins sem setur þeim starfsreglur. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og barna og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hvernar bekkjardeildar með nánu samstarfi við umsjónarkennara. Stjórn foreldrafélagsins ber ábyrgð á að í upphafi skólaárs séu tilnefndir 2-4 bekkjarfulltrúar úr hverri bekkjardeild. Bekkjjarfulltrúar eru nánasta bakland stjórnar, getur stjórn boðað þá til samráðsfunda eftir þörfum og leitað aðstoðar þeirra í stærri verkefnum. Sjá nánar lög Foreldrafélags Stekkjaskóla [hér](#).

Stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2024-2025

Eftirfarandi foreldrafulltrúar eru í stjórn foreldrafélags Stekkjaskóla skólaárið 2024-2025:

Eva María Pétursdóttir formaður

Ingibjörg Hilmarisdóttir

Ragna Ýr Sigurvinsdóttir

Róbert Sverrisson

9. Innra mat

Mat á skólastarfi var lögfest í tíð grunnskólalaga frá árinu 1995 og hafa þau haldist óbreytt í gildandi lögum nr. [91/2008](#) með síðari breytingum. Enn fremur gildir um innra mat og eftirlit reglugerð nr. [658/2009](#). Í 35. gr. laganna er fjallað almennt um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs og í 36. gr. um innra mat skóla. Í ákvæðunum kemur fram að hver

grunnskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Þá segir að grunnskólar eigi að birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Matsteymi er starfandi í Stekkjaskóla. Matsteymið heldur utan um innra mat skólans og er með í undirbúningi matsáætlun til þriggja ára, fyrir árin 2025-2028. Sú áætlun mun byggja á nýrri menntastefnu sveitarfélagsins sem heitir **Vegur til visku og velferðar**. Sjá [hér](#).



Matsteymið vinnur sjálfsmatsskýrslur vegna innra matsins. Þeir þættir sem ekki koma nægilega vel út í innra mati eru settir inn í umbótaáætlun. Drög að þeirri áætlun eru unnin af öllum starfsmönnum skólans á sérstökum vinnufundum / kaffihúsafundum og er fulltrúum foreldra boðið að taka þátt. Matsteymi skólans lýkur þeirri vinnu og setur fram umbótaáætlun sem fer í matskýrslu fyrir skólaárið.. Sjálfsmatsskýrslur og niðurstöður úr könnunum eru settar á heimasíðu skólans, sjá [hér](#).



Matsteymi Stekkjaskóla er skipað fimm fulltrúum starfsmanna og foreldra og nemenda. Skólaárið 2024-2025 er það skipað á eftirfarandi hátt:

Eyrún Óskarsdóttir, umsjónarkennari

Hilmar Björgvinsson, skólastjóri

Kristjana Sigríður Skúladóttir, fulltrúi foreldra

Lilja Írena H. Guðnadóttir, grunnskólakennari og umsjónarmaður bókasafns

Málfríður Erna Samúelsdóttir, BA í uppeldis- og menntunarfærði, sértækur stuðningur

Matsteymið eða fulltrúi þess mun kynna vinnu sína í skólaráði reglulega þar sem fulltrúar foreldra, nemenda, starfsmanna og grenndarsamfélagsins sitja ásamt skólastjóra. Skólaráði gefst þar með tækifæri á að koma með athugasemdir eða ábendingar til matsteymisins.

10. Stoðþjónusta

Stoðþjónusta Stekkjaskóla byggir á þverfaglegu samstarfi í árgangateymum skólans. Teymin eru skipuð umsjónarkennurum, stuðningsfulltrúum ásamt fagaðilum úr stoðþjónustu; sérkennara, þroskajálfa, uppeldisfræðingi, atferlisþálfa og/eða náms og starfsráðgjafa eftir því hvað við á. Árgangateymunum er falið að mæta þörfum nemendahópsins þar sem

sjónum er beint að þjónustubörf nemendanna en ekki greiningum, þ.e. formleg greining er ekki forsenda þjónustu. Árgangateyminum er ætlað að skapa menningu sem virðir og fagnar margbreytileikanum. Þau kortleggja, skipuleggja og framkvæma nám og kennslu fyrir allan nemendahópinn og koma til móts við stuðningsþarfir hvers og eins nemanda. Árgangateymin eru misfjöldmenn, allt eftir þörfum nemendahópsins fyrir þjónustu og/eða stuðning. Lagt er upp með að mest öll þjónusta við nemendur geti farið fram á nemendasvæði árgangsins.

Deildarstjóri stoðþjónustu fer fyrir þróun stoðþjónustu skólans og er næsti yfirmaður þeirra sem sinna stoðþjónustu í skólanum. Hann hefur yfirsýn yfir nemendur skólans sem njóta stoðþjónustu og úthlutar stoðþjónustutímum vegna þessara nemenda í samráði við stjórnendur og kennara. Í hverjum árgangi eru einn eða fleiri stuðningsfulltrúar og fer fjöldi þeirra eftir stærð árgangs og þjónustubörf.

Sérkennarar Stekkjaskóla sjá um kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál. Markmið kennslu nemenda með annað móðurmál er að styðja þá til þátttöku í hinu nýja samfélagi, auðga það og styrkja svo þau megi verða fullgildir þátttakendur í íslensku samfélagi. Jafnframt þarf að styðja við móðurmál og menningu hvers barns því þar er grunnurinn sem byggt er á.

Lagðar eru fyrir ýmsar skimanir, einkum í tengslum við lestur, bæði fyrir árganga og einstaklinga. Tilgangur þeirra er að greina vanda nemenda snemma og vísa þeim áfram til frekari greiningar ef þess þarf. Stoðþjónustan er í samstarfi við ýmsar stofnanir og sérfræðinga utan skólans sem deildarstjóri stoðþjónustu skólans stýrir.

Lausnateymi

Lausnateymi Stekkjaskóla er skipað þverfaglegum hópi sérfræðinga innan skólans sem deildarstjóri stoðþjónustu stýrir. Komi upp áhyggjur af þroska, hegðun, líðan eða námslegri stöðu nemenda getur foreldri og/eða umsjónarkennari fyllt út tilvísun til lausnateymis. Verkefni teymisins er að fara vel yfir stöðuna, kanna hvað hefur nú þegar verið gert og leggja mat á framhaldið. Teymið athugar hver frekari íhlutun skólans gæti verið og hvort óska þarf eftir aðkomu Fjölskyldusviðs Árborgar og er málinu þá vísað til nemendaverndarráðs. Lausnateymið fundar hálfsmánaðarlega. Í lausnateymi Stekkjaskóla sitja: Deildarstjóri stoðþjónustu, deildarstjóri yngra stigs, aðstoðarskólastjóri, náms- og starfsráðgjafi og

hjúkrunarfræðingur skólans, að auki er kallað eftir öðru starfsfólki s.s. þroskaþjálfara, sérkennara eða umsjónarkennara eftir því sem þurfa þykir. Þar að auki kemur kennsluráðgjafi frá Skólaþjónustu Árborgar á alla lausnateymisfundi skólans.

Nemendaverndarráð

Í samræmi við grunnskólalög 91/2008 er starfandi nemendaverndarráð í Stekkjaskóla.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðipjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur.

Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið fundar reglulega yfir skólaárið. Í nemendaverndarráði sitja skólastjóri og/eða fulltrúi sem hann tilnefnir, deildarstjóri stoðþjónustu, fulltrúi skólaheilsugæslu, fulltrúi sérfræðipjónustu sveitarfélags, fulltrúi frá félagsþjónustu og náms- og starfsráðgjafi.

Skólaheilsugæsla

Skólahjúkrunarfræðingur er með viðveru í skólanum á þriðjudögum, fimmtudögum og föstudögum kl: 8:10-11:50.

Skólahjúkrunarfræðingur Stekkjaskóla er Berglind B. Guðnadóttir, netfang:

stekkjaskoli@hsu.is

Meginmarkmið skólaheilsugæslu er að stuðla að því að börn fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Skólaheilsugæslan leitast við að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra.

- 1. árgangur** - Börn vigtuð, hæðarmæld og sjónprófuð.
- 4. árgangur** – Börn vigtuð, hæðarmæld, sjónprófuð og viðtal
- 7. árgangur** - Börn vigtuð, hæðarmæld, sjónprófuð og viðtal

Slys

Verði barnið fyrir slysi í skólanum annast hjúkrunarfræðingur bráðahjálp þegar hann er staddur í skólanum og hefur samband við foreldra ef ástæða er til. Þurfi barn að fara á heilsugæslustöð (slysa – og bráðamóttöku) eða annað, er æskilegt að foreldri fylgi því.

Lyf

Börn skulu ekki hafa nein lyf undir höndum í skólanum nema í algjörum undantekningartilvikum. Slíkar lyfjagjafir geta t.d. verið insúlínjafir sem barnið sér þá sjálft um. Foreldrar þeirra barna sem þurfa lyf á skólatíma eiga að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing. Ekki eru gefin verkjalyf í skólanum og því eru foreldrar beðnir um að gera viðeigandi ráðstafanir sé þörf á.

Lús

Af og til hefur orðið vart við höfuðlús. Það er ekki hlutverk skólahjúkrunarfræðinga að kemma hár barna. Hlutverk þeirra er að fyrirbyggja lús, ráðleggja, styrkja og leiðbeina þegar lús greinist hjá barni. Það er foreldra/forráðamanna að sjá um að fylgjast með hári barna sinna og meðhöndla ef lús greinist. Finnist eitthvað athugavert er mikilvægt að gera hjúkrunarfræðingi skólans tafarlaust viðvart. Komi lús upp í bekk eru skilaboð send heim með börnunum í þeim árgangi.

Sérfræðipjónusta frá fjölskyldusviði Árborgar

Í upphafi ársins 2014 tók skólaþjónusta Árborgar formlega til starfa en um er að ræða alla skólaþjónustu við leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu. Leiðarljós skólaþjónustunnar er að þjóna fjölbreyttum þörfum barna, foreldra og starfsfólks. Deildarstjóri stoðþjónustu er tengiliður sérfræðinga utan skólans við kennara og foreldra. Þá er stoðþjónusta Stekkjaskóla í góðu samstarfi við HSU og sérfræðinga sem þar starfa.

Sérfræðingar sem Stekkjaskóli hefur aðgang að eru:

1. Kennsluráðgjafi, Skólaþjónusta Árborgar - Veitir ráðgjöf til foreldra og skóla. - Leiðbeinir kennurum sem eiga í vanda með ákveðna þætti í starfinu, s.s. með tengslakönnunum, veru í kennslustund og/eða val á viðfangsefnum og kennsluaðferðum.

2. Kennsluráðgjafi í fjölmenningu, Skólaþjónusta Árborgar - Ráðgjafi í kennslu barna af erlendum uppruna - Sinnir ráðgjöf og fræðslu til starfsfólks leik- og grunnskóla auk foreldra og nemenda.

3. Sálfræðingur, Skólaþjónusta Árborgar - Skólasálfræðingur kemur að greiningum og eftirfylgd. Þá veitir hann ráðgjöf í skóla og til heimila. Ef þörf er á meðferð eða frekari greiningu vísar sálfræðingur nemandanum áfram til meðferðarsálfræðings, Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins eða Barna- og unglingsgeðdeildar Landspítala.

4. Talmeinafræðingur, Skólaþjónusta Árborgar - Greinir málþroska og talfærni nemenda. Veitir ráðgjöf til heimilis og skóla.

5. Iðjuþjálfari, HSU - Leggur mat á hreyfifærni nemenda og veitir ráðgjöf varðandi aukna færni í athöfnum daglegs lífs til heimilis og skóla. Sé þörf á frekari iðjuþjálfun hjá nemandanum er honum vísað í þjálfun á HSU.

Trúnaðarupplýsingar um nemendur s.s. niðurstöður greininga, eru í vörslu deildarstjóra stoðþjónustu en aðrir starfsmenn Stekkjaskóla hafa aðgang að þessum gögnum eftir því sem við á. Trúnaðargögnin má hvorki fjölfalda né fjarlægja úr skápnum.

Túlkaþjónusta

Þjónusta túlka er veitt ef þörf þykir og er hún á kostnað skólans. Skólinn sér um að útvega þjónustuna.

11. Símenntunaráætlun

Skipta má símenntunaráætlun starfsfólks í tvo þætti. Þætti sem skólinn leggur áherslu á og þætti sem starfsmenn telja sjálfir æskilega og/eða nauðsynlega fyrir starf sitt. Símenntun kennara og starfsfólks fer fram með ýmsu móti jafnt og þétt yfir skólaárið. Skólastjórnendur meta þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá áherslum skólaársins. Þau námskeið ber kennurum skólans að sækja.

Á fyrstu tveim starfsárum skólans var lögð áhersla á þróunarverkefni skólans, *Stekkur til framtíðar*, en skólaárið 2024-2025 er áhersla á að ljúka innleiðingu uppeldisstefnunnar *Jákvæður agi*.

12. Öryggismál

Á vormánuðum 2024 voru unnar viðbragðsáætlanir fyrir Stekkjaskóla. Á heimasíðu skólans eru upplýsingar um öryggismál skólans og helstu áætlanir.

Rýmingaráætlun vegna bruna. [Sjá hér.](#)

Myndræn lýsing vegna rýmingar skólans vegna bruna. [Sjá hér.](#)

Viðbragðsáætlun vegna bruna, jarðskjálfta og slysa. [Sjá hér.](#)

Brunaæfing var haldin í Stekkjaskóla síðastliðið vor samkvæmt nýrri rýmingaráætlun. Rýming skólans gekk mjög vel og hrósuðu Brunavarnir Árnessýslu nemendum og starfsmönnum fyrir skjót og fumlauð viðbrögð.



Öryggisnefnd

Í stofnunum þar sem starfsmannafjöldinn er 50 starfsmenn eða fleiri skal stofna sérstaka öryggisnefnd. Starfsfólk kýs að lágmarki tvo fulltrúa úr hópi starfsfólks og atvinnurekandi

tilnefnir að lágmarki tvo öryggisverði fyrir sína hönd í nefndina. Hlutverk öryggistrúnaðarmanna, öryggisvarða og öryggisnefnda er meðal annars að koma að gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum og stuðla að góðu vinnuverndarstarfi.

Í Stekkjaskóla eru yfir 60 starfsmenn og því starfandi öryggisnefnd. Hana skipa:

Öryggistrúnaðarmenn: Auður María Óskarsdóttir, íþróttakennari
Inga Guðrún Eydísardóttir, stuðningsfulltrúi

Öryggisverðir: Hilmar Björgvinsson, skólastjóri
Jón Karl Jónsson, umsjónarmaður fasteigna

Viðbrögð við vá

Hér verður gerð grein fyrir þeim hættum sem geta komið upp á í skóla og á skólatíma.

Óveður



Stundum getur skólahald raskast vegna óveðurs. Þá er ætlast til að foreldrar/forráðamenn meti hvort óhætt sé að senda nemendur í skólann. Kennslu er haldið uppi samkvæmt stundaskrá þó fáir nemendur mæti í skólann. Ef veður versnar á skólatíma eru nemendur ekki sendir heim þegar skóla lýkur, heldur látnir bíða í skólanum uns þeir verða sóttir eða þar til veðri slotar.

Veikindafaraldur

Stekkjaskóli er með viðbragðsáætlun vegna inflúensufaraldurs um skipulag og stjórn aðgerða í skólanum í samræmi við áætlun Almannavarna um viðbrögð við heimsútbreiðslu inflúensu. Markmið áætlunarinnar miðar að því að lágmarka áhrif inflúensufaraldurs og afleiðinga innan skólans. Eftirfarandi gildir almennt um inflúensufaraldur.

Helstu leiðir til að draga úr smiti:

- Veikist nemandi þannig að einkennin bendi til influensu er honum ráðlagt að halda sig heima í tvo daga eftir að hann er orðinn hitalaus. Ekki er þörf á því að aðrir sem eru einkennalausir á heimili sjúklings haldi sig heima.
- Hreinlæti skiptir mestu máli í að draga úr smithættu. Þar ber fyrst að nefna mikilvægi handþvottar og að fólk hósti í olnbogabót/ekki í lófa
- Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra á www.influensa.is.
- Öllum starfsmönnum skólans er boðið upp á bólusetningu fyrir árlegri influensu.

Jarðskjálfti

Viðbrögð við jarðskjálftum: <http://www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalftar/vidbrogd-vid-jardskjalfta>

Eldgos

Viðbrögð við eldgos: <http://www.almannavarnir.is/natturuva/eldgos/vidbrogd>

14. Skólamáltíðir og skólaakstur

Skólamáltíðir

Hollt fæði og heilbriggt lífni eru tvö af lykilatriðum til árangurs í námi. Skólinn gefur nemendum kost á að skrá sig í áskrift að morgun- og hádegismat. Nestið, bæði matur og drykkur, er pantað fyrirfram á íbúagátt á heimasíðu Árborgar. Matseðill er á heimasíðu Stekkjaskóla. Hádegismatur er matreiddur í eldhúsi skólans og matseðillinn tekur mið af leiðbeiningum frá Lýðheilsustofnun. Matreiðslumaður Stekkjaskóla er Guðbjörg Líf Óskarsdóttir. Innheimta fer fram í gegnum sveitarfélagið Árborg en ekki er greitt fyrir hádegismatinn.



Stekkjaskóli er hnetulaus skóli og því þurfa foreldrar og nemendur að passa að það nesti sem nemendur koma með að heiman sé hnetulaust.

Stekkjaskóli er umhverfisvænn skóli og því beinum við þeim tilmælum til foreldra og nemenda að koma ekki með einnota umbúðir í skólann, nota þess í stað margnota nestisbox og drykkjarílát.

Skólaakstur

Nemendur fara með skólabílum í sund og íþróttir einu sinni í viku. Sundkennsla fer fram í Sundhöll Selfoss og í íþróttir fyrir nemendur í 3.-7. bekk í íþróttahúsi Vallaskóla .

Skólastjórnendur sjá um skipulag skólaaksturs út frá stundatöflum nemenda. Skólabíll á vegum Guðmundar Tyrfingssonar ehf. sér um allan akstur skv. samningi við sveitarfélagið Árborg.

Nemendur sem búa í gamla Sandvíkurhreppi er ekið til og frá skóla skv. ákveðnu tímaplani.

Óskilamunir

Stuðningsfulltrúar safna saman óskilamunum frá anddyri, göngum og opnum rýmum. Ef óskilamunir eru merktir er þeim komið til eigna. Það er hægt að nálgast óskilamuni á opnunartíma skólans. Í lok skólaárs er farið með óskilamuni til Rauða krossins.

15. Samstarf við aðra skóla

Lögð hefur verið aukin áhersla á samstarf grunnskólanna í Árborg með áherslu á Lærdómssamfélag. Skóladagur Árborgar hefur verið haldinn undanfarin ár en þar kemur starfsfólk grunnskólanna saman, þiggur fræðslu og miðlar eigin reynslu og þekkingu. Einnig eru í skóladagatali tveir sameiginlegir starfsdagar þar sem markmiðið er að stuðla enn frekar að auknu samstarfi og tryggja samtarsvettvang til framtíðar.

Deildarstjórar funda reglulega þvert á skóla en kennsluráðgjafi Árborgar boðar til og stýrir þeim fundum. Skólastjórar og aðstoðarskólastjórar sitja einnig sameiginlega fundi með deildarstjóra skólalþjónustu og sviðsstjóra fjölskyldusviðs.

Einnig er samráð milli skólanna varðandi áherslur í daglegu skólastarfi og útfærslur á uppbrotisdögum.

Leikskólasamstarf

Í sveitarfélaginu Árborg er starfandi faghópur um samstarf leik- og grunnskóla. Markmið faghópsins er að stuðla að farsælu samstarfi milli leik- og grunnskóla og eru nokkrir liðir sem nú þegar eru fastmótaðir í árlegt skólastarf. Má þar nefna heimsókn nemenda í 1. bekk í sinn fyrri leikskóla í upphafi skólaárs, nemendur á elsta ári leikskóla heimsækja sinn tilvonandi grunnskóla, einnig er hvatt til frekara samstarfs yfir skólaárið eins og kostur er. Faghópurinn fundar reglulega yfir skólaárið þar sem samstarfið er ígrundað og skipulagt. Við lok leikskólagöngu funda deildarstjórar með fulltrúum frá grunnskólum þar sem miðlað er upplýsingum um stöðu nemenda. Lögð er áhersla á að skil milli skólastiga verði eins auðveld og þægileg og kostur er.